



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær

Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 4. janúar 2019
1712001 SB

Efni: Samþykkt tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til auglýsingar

Svæðisskipulagsnefnd hefur unnið að breytingum að svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 er varðar legu vaxtarmarka á milli þéttbýlis og dreifbýlis á Álfsnesi. Með breytingunni verður rými fyrir uppbyggingu og þróun efnisvinnslusvæðis sem staðsett yrði við jaðar núverandi iðnaðarsvæðis á Álfsnesi. Tilfni breytingarinnar eru áform Reykjavíkurborgar um færslu á starfssemi Björgunar, sem vinnur jarðefni til mannvirkjagerðar úr námum á sjávarbotni. Samhliða breytingu á svæðisskipulagi hefur verið unnið að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur og deiliskipulagi reitsins.

Vinnslutillögur svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulags Reykjavíkur voru kynntar frá 7. mars til og með 28. mars 2018. Alls bárust athugasemdir og/eða ábendingar frá 12 aðilum. Við frekari vinnslu skipulagstillögunnar var gerð nánari greining á valkostum og skerpt á þeim skipulagsskilmálum sem útfæra þarf í aðalskipulagi og lúta að merkjum minjum verði ekki raskað.

Svæðisskipulagsnefnd afgreiddi málið á fundi þann 14. desember sl. með eftirfarandi hætti:

Svæðisskipulagsnefnd afgreiðir endanlega breytingartillögu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og umhverfisskýrslu ásamt breytingartillögum og umsögn við innkomnum athugasemdum til samþykktar aðildarsveitarfélaga í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Að ofangreindu er óskað eftir því að aðildarsveitarfélögin afgreiði tillögu í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Skrifstofa SSH er reiðubúinn að fylgja málinu eftir með kynningu sé eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Fylgigögn:

Greinargerð breytingartillögu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 dags. desember 2018

Drög að umhverfisskýrslu, dags. desember 2018

Yfirlit yfir innkomnar athugasemdir og ábendingar vinnslutillagna, dags. 14. desember 2018

Fundargerð 87. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 14. desember 2018